

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 11. febrúar

Mál nr. S-3785/2019:

Héraðssaksóknari

Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari

gegn

X

Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 14. janúar 2020, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 29. ágúst 2019, á hendur:

„X, kt. [...],
[...], Reykjavík

fyrir kynferðisbrot gegn stjúp dóttur sinni, A, kt. [...], sem hér greinir:

1. Með því að hafa í eitt skipti [...] árið 2007 eða 2008, er brotþoli var níu eða tíu ára, að heimili foreldra ákærða að O í Reykjavík, tekið buxur og nærbuxur brotþola niður um hana og strokið kynfæri hennar á meðan hún svaf en stúlkan vaknaði við brot ákærða og hætti hann þá.
2. Með því að hafa ítrekað á árunum 2009-2011, er brotþoli var ellefu til tólf ára, látið hana sitja í fangi sínu er hann leyfði henni að keyra bíl sinn um götur N og á meðan haft hendur sínar undir bux nastreng stúlkunnar og strokið brjóst hennar innanklæða.
3. Með því að hafa [...] 2014, er brotþoli var 16 ára, á þáverandi heimili þeirra að [...] í Reykjavík, farið inn í herbergi þar sem brotþoli svaf og dregið niður hlýraból hennar niður og þannig berað á henni brjóstin.

Teljast brot ákærða samkvæmt 1. og 2. ákærulið varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brot samkvæmt 3. ákærulið við 2. mgr. 201. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá [...] 2008, þar til mánuður er liðinn frá framlagningu bótakröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, sbr. 48. gr. laga nr. 88/2008, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

I.

Að kvöldi [...] 2017 var kallað eftir aðstoð lögreglu að [...]. Tilkynnandi var faðir ákærða sem hafði áhyggjur af honum þar sem hann hefði ekki náð neinu sambandi við hann. Kvaðst hann vita af ákærða innandyra á M. Haft er eftir honum í frumskýrslu lögreglu að eiginkona ákærða hefði látið hann vita hvernig komið væri en hún hefði komið á M fyrr um daginn og óskað eftir skilnaði. Hefði komið upp alvarlegt mál innan fjölskyldunnar en brotþoli hefði sagt móður sinni frá því að ákærði hefði brotið nokkrum sinnum á sér kynferðislega þegar hún var barn.

Sú ákvörðun var tekin á vettvangi að kalla til lásasmið en ákærði opnaði dyrnar að M eftir að hann var kominn á staðinn. Segir í skýrslu lögreglu að ákærði hafi verið í miklu uppnámi og hafi í fyrstu ekki viljað hleypa lögreglunni inn. Hafi hann verið grátandi og ekki viljað þiggja hjálp. Í ljósi framangreindra ásakana var ákveðið að handtaka ákærða og var hann færður á lögreglustöð. Fram kemur að ákærði hafi ekki tjáð sig um málið og ekki óskað eftir verjanda að svo stöddu.

Þann [...] 2017 lagði brotþoli fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot gegn sér sem hún kvað hafa átt sér stað þegar hún var yngri. Lýsti hún aðdraganda kærunnar svo að tæpum hálfum mánuði áður hefði hún ætlað á skólaball en orðið ofurölvi og ekki verið hleypt inn. Hún hafi misst stjórn á sér og hafi það endað með því að lögreglan var kvödd til og hún færð á lögreglustöð. Hafi þetta orðið til þess að hún gerði sér grein fyrir því að hún yrði að taka á sínum málum. Hún hefði rætt við B, kærasta sinn, sem vissi að hún hefði orðið fyrir kynferðisbroti en ekki hver væri gerandinn. Hann hafi hins vegar gert sér grein fyrir því vegna orða sem hún lét falla

um ákærða. Ákærði hafi hringt í hana eftir þetta en í því samtali hafi hún ákveðið að segja honum hvernig sér hefði liðið undanfarin ár vegna misnotkunar hans. Kærastinn hafi síðan hringt í móður brotþola og beðið hana að hitta þau og ræða málin. Kvaðst brotþoli þá hafa sagt henni að ákærði hefði verið vondur við sig og hefði móðir hennar þá fengið áfall enda grunlaus. Í framhaldinu hafi hún rætt við ákærða á M og það hafi orðið til þess að hann komst í mikið uppnám og vildi ekki hleypa neinum þangað inn eftir að móðir brotþola fór þaðan. Hafi faðir hans óttast að hann myndi skaða sig og kallað eftir aðstoð lögreglunnar, eins og að framan er lýst.

Í skýrslu sinni greindi brotþoli m.a. frá því að ákærði hefði brotið gegn henni kynferðislega. Í fyrsta sinn hefði þetta verið á [...] þegar hún var níu eða tíu ára og dvalið að O. Síðan hefði hann brotið gegn henni á N en þá hefði ákærði ítrekað farið með hendurnar niður fyrir buxnastreng hennar, án þess að snerta kynfærin, á meðan hún sat í fangi hans er hann ók bifreið sinni. Einnig hafi hann ítrekað snert brjóst hennar innanklæða. Þá hafi hann í eitt skipti [...] eftir að brotþoli var í 10. bekk togað hlýrabolinn hennar niður fyrir brjóstin á henni þar sem hún hafi legið hálfsofandi uppi í rúmi hjá litla bróður sínum.

Tekin var skýrsla af ákærða [...] 2017 og verður vikið að henni í niðurstöðukafla. Í tengslum við málið voru teknar skýrslur af móður brotþola, ömmu hennar og þáverandi kærasta hennar

Meðal gagna málsins er sálfræðivottorð C en brotþola var upphaflega vísað í bráðaviðtal [...] 2017 að ósk námsráðgjafa. Fram kemur að hún hafi alls mætt í viðtöl til sálfræðingsins í átta skipti frá [...] 2017 til [...] 2018 en á tímabili hafi gengið erfiðlega að finna tíma, m.a. af ástæðum er vörðuðu brotþola. Kom fram að hún hefði þá nýlega greint frá kynferðisofbeldi af hálfu ákærða stjúpfoður hennar. Í vottorðinu er gerð grein fyrir þeim matslistum sem lagðir voru fyrir brotþola. Fram kemur að brotþoli hafi lýst einkennum sem uppfylltu viðmið fyrir eina eða tvær þunglyndislotur í 8.–10. bekk en samkvæmt matslistum hafi hún ekki uppfyllt nein greiningarviðmið fyrir klínískan vanda árin 2017 og 2018.

Í vottorðinu segir í niðurstöðukafla að brotþoli hafi almennt virst samvinnuþýð, einlæg og heiðarleg í frásögn og samskiptum. Hún hafi ekki virst reyna að ýkja líðan sína á matslistum. Þá hafi hún verið skýr og haldið samræmi í atvikalýsingum. Hún hafi greint frá tveimur skiptum þar sem hún vaknaði við kynferðislega snertingu frá ákærða. Þá hafi hún einnig haft minningar um snertingu af hans hálfu sem hafi farið yfir hennar persónulegu mörk og ítrekuð dæmi og spurningar þar sem hún hefði upplifað óþægilegan kynferðislegan áhuga ákærða á sér. Þá segir í vottorðinu að málið hafi valdið brotþola vanlíðan í mörg ár og eftir að málið kom upp hafi hún einangrast frá móður og systkinum. Hún greinist ekki með

sálrænan vanda þegar vottorðið er ritað. Þá kemur fram í vottorðinu að brotaþoli búi yfir miklum styrkleikum og þrautseigju. Einnig hafi hún notið stuðnings tiltekinna fjölskyldumeðlima, vina og kærasta. Þá sé líklegt að sterk réttlætiskennnd hennar og umræða á samfélagsmiðlum hafi haft jákvæð áhrif á nálgun hennar og hún reiðst frekar en að taka málið inn á sig með neikvæðum afleiðingum fyrir hana. Þá virtist hún einnig nota mikið önnur bjargráð sem séu vænleg til þroska og til þess að sigrast á mótlæti. Telur sálfræðingurinn töluverðar líkur á því að brotaþoli kunni að fara aftur í þunglyndislotu, eins og þegar hún var yngri, og sé því mælt með fyrirbyggjandi meðferð og fræðslu. Einnig sé mælt með meðferð sem taki á tilfinningastjórn.

Ákærði sótti viðtöl hjá I sálfræðingi en í málinu liggur fyrir vottorð hennar. Kemur þar fram að ákærði hafi sótt alls 14 viðtöl hjá sálfræðingnum á einnar til tveggja vikna fresti frá [...] 2017 til [...] 2018. Segir í vottorðinu að í fyrsta viðtali hafi hann sagt að ásökun um kynferðisofbeldi hefði komið flatt upp á hann og hann kvæðist ekki muna eftir því að nokkuð slíkt hefði gerst. Tveimur vikum eftir fyrsta samtali hafi orðið breytingar á hegðun hans en þá kvaðst hann algjörlega sannfærður um að hafa ekki framið þau brot sem hann var ásakaður um. Þegar líða tók á viðtölin lýsti hann því að hann teldi sig ábyrgan fyrir öllu sem hefði gerst þrátt fyrir að vera enn sannfærður um að hafa ekki brotið gegn brotaþola. Á meðferðartímabilinu hlaut ákærði meðferð og sálrænan stuðning vegna ásakana um kynferðislega misnotkun. Þá voru lagðir fyrir hann tveir sjálfsmatskvarðar, annars vegar til þess að meta alvarleika þunglyndiseinkenna og hins vegar alvarleika kvíðaeinkenna yfir síðustu tvær vikur. Í vottorðinu kemur fram það mat sálfræðingsins að ákærði hafi glímt við alvarleg depurðareinkenni í upphafi meðferðar. Var því lögð á það áhersla í viðtölunum að veita honum sálrænan stuðning og fræðslu og styrkja getu hans til að auka virkni í daglegu lífi og sjálfstraust. Hafi ákærði sinnt meðferðinni vel og hún skilað góðum árangri svo að fljótt dró úr einkennum og í byrjun árs 2018 hafði dregið verulega úr sálrænni vanlíðan hans. Uppfyllti hann þá ekki lengur greiningarskilmærki alvarlegrar geðlægdar, þrátt fyrir að depurðareinkenna yrði enn vart. Í mars 2018 taldi ákærði ekki þörf á frekari viðtölum þar sem honum fannst líðan sín orðin nægilega góð.

II.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða, brotaþola og annarra vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði kvaðst hafa kynnst D, móður brotaþola, á árinu 2004 en þau hafi tekið upp sambúð eftir það. Þau hafi eignast tvö börn og fjölskyldan öll flust til N árið 2008. Erfiðleikar í hjónabandinu vegna framhjáhalds hans hafi orðið til þess að þau fluttu með yngri börnin til Reykjavíkur 2010 en brotaþoli hefði þá orðið eftir hjá ömmu

sinni á Q og búið þar um hríð og lokið grunnskólanum áður en hún kom aftur til þeirra til Reykjavíkur.

Ákærði kvað samskipti á milli sín og brotþola hafa verið ágæt en þau hafi ekki náð að tengjast sérstaklega vel. Hafi D séð um flest sem viðvök brotþola. Kvaðst ákærði hafa verið mun nánari sínum eigin börnum. Samskiptin milli hans og brotþola hafi síðan versnað eftir framhjáaldið, en hún hafi eitt sinn orðið vitni að nánnum samskiptum á milli hans og hjákonunnar.

Spurður um svefnvenjur brotþola kvað ákærði þær hafa verið „litríkar“, einkennst af miklum sveiflum og stundum hafi verið erfitt að vekja hana en hún hafi verið „B-týpa“. Hún hafi m.a. sofið í sængurveru, í klæðaskáp og raðað tuskudýrum í kringum sig. Taldi hann þetta hafa verið svona frá því fyrir 10 ára aldur og fram að unglingsárum.

Ákærði lýsti því er brotþoli bar hann sökum í fyrsta sinn í símtali sem hann átti við hana. Nokkru áður hafi hann fundið að sambandið á milli þeirra hefði versnað. Kvaðst hann hafa skynjað að eitthvað amaði að þegar hann ræddi við hana í símanum og því gengið eftir skýringum. Hafi hún sagt við hann að hann vissi hvað það væri. Hafi komið fram hjá henni að það væri ekki vegna framhjáldsins og hefði hún að lokum sagt að hann hefði brotið á henni eða misnotað hana. Einnig hefði hún sagt að hann væri „ógeðslegur maður“. Kvaðst ákærði hafa hvatt hana til að ræða við móður sína en brotþoli hefði svarað því til að hann stýrði því ekki. Ákærði kvaðst í framhaldinu hafa farið í „panikástand“. Stuttu síðar hafi D hringt í hann og sagt honum að kærasti brotþola hefði óskað eftir því að hún kæmi og ræddi við þau. Hefði hann þá vitað hvað myndi gerast. Kvaðst hann hafa viljað ræða við D um þetta en ekki vitað hvernig hann ætti að fara að. D hafi síðan komið á M og þau aðeins rætt stuttlega saman. Kannaðist ákærði við að hafa sagt ákveðna hluti við D án þess að hafa vitað nákvæmlega hvaða ásakanir lægju til grundvallar. Hafi hann sagt við D að hann vildi að hann gæti „tekið þetta til baka“ og að hann hefði verið á „ógeðslegum stað“. Nánar spurður um viðbrögð sín umrætt skipti kvað ákærði þau hafa verið svona mikil því hann hefði verið miður sín vegna þess hvernig hann hagaði sér á þeim tíma er hann hélt fram hjá D. Hafi hann m.a. haft í huga atvik er brotþoli hafi verið með honum og hjákonunni í bifreið ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa verið að gangast við ásökunum en hafa verið reiðubúinn að taka á sig ásakanirnar þó að hann hefði ekki vitað nákvæmlega hverjar þær væru. Hann hafi hins vegar haldið að ásakanir brotþola myndu snúast um þann kafla í lífi þeirra. Aðspurður kvað hann það vera rétt að þau D hefðu ákveðið að vinna að því að bæta hjónabandið og ýtt framhjáldinu aftur fyrir sig löngu fyrir þessi atvik. Kvaðst hann ekki geta skýrt hvers vegna það hefði haft áhrif á viðbrögð hans umrætt sinn.

Ákærði kvaðst ekki hafa brotið kynferðislega gegn brotþola. Hann kvaðst aðeins muna eftir tilviki á N þar sem nærbuxur brotþola hefðu farið niður um hana. Taldi hann það hafa verið eftir þann tíma er framhjáhaldið komst upp. Hafi hann verið að „djöflast“ með brotþola og hefði hann haldið henni á hvolfi en nærbuxurnar orðið eftir og dregist alveg niður um hana. Í minningunni hafi hún gripið um kynfærin. Enginn kynferðislegur tilgangur hafi verið að baki og þetta sé eina tilvikið þar sem nærbuxur hafi farið niður um brotþola. Skýrði ákærði þetta nánar svo að hann hefði átt vanda til að vera hvatvís og hann ætti erfitt með að átta sig á mörkum annarra enda greindur með ADHD. Kvað ákærði sér einnig hafa orðið hugsað til þessa tilviks þegar D kom á M.

Ákærði kvaðst ekki hafa vitað er hann var í skýrslutöku hjá lögreglu hverjar ásakanirnar á hendur honum væru nákvæmlega en verið tilbúinn til að taka þær á sig. Varðandi tilvikið samkvæmt ákærulið 1 kvaðst ákærði viss um að [...] 2009 hefðu verið einu [...] er fjölskyldan gisti hjá foreldrum hans. Í skýrslutöku hjá lögreglunni hefði hann munað eftir tilvikinu þegar nærbuxurnar fóru niður um brotþola. Hafi hann vitað að það tilvik væri annars eðlis en það sem á hann var borið en þó ekki verið tilbúinn til að greina frá því þar sem hann hefði ekki vitað hvert það myndi leiða. Þá kvaðst hann einnig hafa verið hræddur um að það myndi misskiljast í skýrslutökunni. Framburður ákærða hjá lögreglu var borinn undir hann en hann verður rakinn hér frekar í niðurstöðukafla. Ákærði kvaðst ekki geta skýrt hvers vegna hann hefði svarað því játandi og með þeim hætti sem hann gerði er hann var ítrekað spurður hvort hann hefði dregið niður buxur og nærbuxur brotþola. Kvaðst hann að auki hafa verið í geðshræringu.

Spurður um meint brot gegn brotþola samkvæmt ákærulið 2 í bíl á N neitaði ákærði að slíkt hefði átt sér stað. Kvaðst hann raunar ekki muna eftir því að þau hefðu farið tvö ein að keyra og hann leyft henni að stýra. Nánar spurður taldi ákærði að eflaust hefði það þó einhvern tímann komið fyrir. Hann kvaðst ekki muna sérstaklega eftir svari sínu hjá lögreglu um að hann hefði leyft henni að aka.

Ákærði neitaði því að hafa áreitt brotþola með þeim þeim hætti sem honum er gefið að sök í ákærulið 3. Það hefði komið fyrir að hann hefði reynt að vekja brotþola, sem hefði sofið fast, og verið hryssingslegur. Stundum hafi hann þurft að fara nokkrar ferðir. Hugsanlega hefði hann einhvern tímann rifið í sængina en aldrei í föt hennar.

Ákærði kvaðst hafa flutt út frá D í [...] 2017 eftir að mál þetta kom upp en þau hefðu síðan rætt málin og hann sagt henni frá þessu eins og þetta hefði verið í raun. Taldi hann sig hafa flutt aftur inn til [...] í [...] og væru þau enn í hjónabandi í dag. Kvað hann mál þetta hafa haft mikil áhrif á líf sitt og á tímabili hefði hann íhugað sjálfsvíg. Þá hafi þetta haft áhrif á samskipti hans við börnin og vini þeirra en hann

teldi sig ekki geta nálgast þau með sama hætti og áður. Ákærði kvaðst ekki geta skýrt það hvers vegna brotþoli bæri sakir á hann. Þá lýsti ákærði því að hann hefði átt erfitt uppdráttar í æsku. Þá kom fram að ákærði hefði tekið inn lyf við ADHD frá árinu 2017.

Brotþoli kvaðst hafa kynnst ákærða ung. Þau hafi hins vegar aldrei verið nán þó ákærði hefði gjarnan viljað það og gert henni grein fyrir því er hún varð eldri að hún gæti leitað til hans. Henni hafi hins vegar staðið viss stuggur af honum, en hann hafi oft verið reiður og erfiður í skapi. Hún kvaðst hafa vitað af framhjáhaldi ákærða áður en móðir hennar vissi það. Hefði hana grunað það um nokkurt skeið en síðan áttað sig á því í bílferð ákærða og hjákonunnar þar sem hún og systkini hennar voru farþegar. Eftir að upp komst hefði móðir hennar haldið að hún vissi ekkert. Hafi þetta haft áhrif á samskipti hennar og ákærða en hún hafi verið honum mjög reið fyrir að særa móður hennar. Hún hefði þrátt fyrir það guggnað á því að segja frá brotum ákærða gagnvart sér. Hefði hún talið víst að móðir hennar myndi skilja við ákærða eftir að upp um framhjáhaldið komst og þannig þyrfti hún aldrei að segja frá því sem gerðist. Hefði móðir hennar verið „í rusli“ og viljað að brotþoli ræddi við ákærða en brotþoli ekki viljað það. Hefði það orðið til þess að móðir hennar spurði hana beint að því hvort ákærði hefði gert henni eitthvað. Kvaðst brotþoli hafa fengið hnút í magann en svarað því neitandi. Hefði móðir hennar aldrei spurt hana að þessu aftur. Kvaðst brotþoli hafa skammast sín svo mikið og gert sér grein fyrir því að það væri ómögulegt fyrir hana að segja frá eftir að móðir hennar og ákærði tóku aftur saman. Nánar spurð kvað brotþoli ákærða hafa verið uppsprettu allrar reiði hennar en hún hefði ekki getað sagt frá því sem gerðist. Hafi móðir hennar furðað sig á allri þessari reiði. Það eina sem brotþoli hefði hugsað um hefði verið að hún vildi ekki særa móður sína. Hún hefði líka haft áhyggjur af því hvernig móður hennar myndi reiða af fjárhagslega ef hún stæði aftur ein.

Spurð um svefnvenjur sínar kannaðist brotþoli við að hafa verið vör um sig gagnvart umhverfi sínu þegar hún var lítil og að hún hefði bæði fyrir og eftir fyrsta atvikið fengið ofsakvíðakast þegar karlmenn hefðu nálgast hana og hún talið að þeim gengi illt til. Hafi verið mikil umræða um barnaníðinga og hefði það haft þessi áhrif á hana.

Aðspurð um svefnvenjur sínar þegar hún var yngri kvað brotþoli sér hafa gengið illa að sofna og hún sofið illa. Hún hefði líka sofið fast en það hefði hrætt hana. Þá hafi hún raðað mjúkdýrum í rúmið hjá sér. Því hefði hún gleymt er atvikið átti sér stað og kenndi hún sér um að hafa ekki gert það. Kvaðst hún m.a. hafa vanið sig á að sofa inni í sængurveru og stundum með bróður sinn með sér og þá hefði hún sofið fyrir innan hann. Hafi hún verið mun varari um sig þegar hún heyrði í ákærða ganga um.

Brotapoli kannaðist við að hafa skrifað dagbók um ýmsar hugsanir sínar. Hún hafi ekki viljað að nokkur maður sæi það sem hún skrifaði og því rífið það úr bókinni.

Brotapoli lýsti fyrsta atvikinu er ákærði braut gegn henni. Kvað hún það hafa átt sér stað er hún var 10 eða 11 ára. Hún hafi verið sofandi en vaknað við snertingu ákærða „þarna niðri“. Hafi hún verið svolitla stund að átta sig. Hann hefði þá verið búinn að draga niður um hana náttbuxurnar og nærbuxurnar og snert ber kynfæri hennar. Hafi snertingarnar haldið aðeins áfram á meðan hún var að átta sig. Kvaðst brotapolí hafa frosið og fengið mikið „sjokk“ og ekkert sagt þó hún hefði vitað að þetta væri rangt. Hún hafi svo allt í einu starað á ákærða og hann hafi þá kippst við, dregið buxurnar upp og sagt henni að fara aftur að sofa. Hann hafi síðan farið út. Hún hafi legið andvaka og loks ákveðið að fara inn í herbergið þar sem móðir hennar og ákærði sváfu og sagst hafa fengið martröð. Hafi það verið ætlun hennar að lýsa því sem gerðist en hún síðan ekki getað fengið sig til þess að segja það upphátt. Ákærði hafi horft á hana og spurt hvers konar martröð og hún hafi búið til sögu um eitthvað annað. Brotapoli kvaðst hafa kennt sér um að hafa ekki gætt að sér þetta skipti. Þetta hafi hins vegar ekki verið draumur og atvikið væri „prentað“ í höfuðið á henni og hún myndi enn hvernig andardráttur hans var meðan á þessu stóð. Hafi atvikið átt sér stað heima hjá móður ákærða að O í Reykjavík og hún hafi verið í herbergi þar sem hún gisti alltaf. Fannst henni sem þetta hefði verið að vetrarlagi. Borin var undir hana frásögn ákærða af tilviki þegar nærbuxur hefðu farið niður um hana þegar hann hélt henni á hvolfi. Kvaðst brotapolí ekki vita um hvað væri verið að tala og kvaðst ekki muna eftir neinu slíku.

Um tilvikin sem áttu sér stað á N í bifreið ákærða kvaðst brotapolí hafa fengið að stýra bifreiðinni en ákærði hefði farið inn fyrir buxustrenginn hjá henni án þess þó að snerta kynfærin. Á þessu tímabili hefði hann einnig farið inn fyrir bol hennar og strokið yfir ber brjóst hennar. Brotapoli kvaðst ekki vera viss um hvort þetta hefði gerst samtímis því er hann fór inn fyrir buxustrenginn eða við önnur tækifæri. Nánar spurð taldi hún það þó hafa verið. Kvað hún þetta hafa gerst nokkrum sinnum, sennilega í þrjú skipti.

Hvað varðaði meint brot gegn henni [...] 2014 kvaðst brotapolí hafa unnið í [...] og ákærði hafi verið á leið í vinnuna á undan henni. Hún hafi legið hálfsofandi í rúmi sínum er ákærði hefði komið inn og tekið í hlýrabol hennar og ýtt honum „þínu niður“ en þá hefði hún glaðvaknað og starað á hann. Nánar spurð kvað hún hann hafa tekið í bolinn með fingrinum og togað hann niður fyrir brjóstaskoruna en brjóstin sjálf hefðu verið hulin af bolnum. Kvaðst brotapolí hafa fengið hálfgerst lost við þetta. Kvaðst hún hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum en hún hefði talið sér trú um að þetta hefði allt verið ímyndun. Myndi hún eftir því að ákærði hefði kippst við og sagt

eitthvað á þá leið að hann væri að athuga hvort hún væri vöknuð fyrir vinnuna. Hafi hún guggnað á því að spyrja ákærða út í þetta eftir að hann kom heim úr vinnunni og reynt að telja sér trú um þetta hefði ekki verið neitt. Kvaðst hún hafa hringt á vinnustaðinn og sagst vera veik. Í kjölfarið hefði hún farið til ömmu sinnar á Q.

Brotapoli lýsti atvikum er hún drakk of mikið á busaballi. Hefði hún í reynd komist í eitthvert sturlunarástand og myndi lítið. Hefði kærasti hennar komið og sagt henni síðar að hún hefði haft uppi athugasemd um ákærða sem hefði sannfært hann um að hann hefði verið sá sem hefði gert henni eitthvað. Fram að því hefði hún ekki treyst sér til þess að segja honum frá því sem hefði gerst. Hann hafi hins vegar vitað að eitthvað hefði komið fyrir hana. Ákærði hefði hringt í hana eftir þetta og viljað hitta hana en hún hefði neitað. Hann hafi gengið á hana og spurt hvað amaði að en hún hafi sagt að hann vissi það. Hann hafi spurt hvort það væri vegna framhjáaldsins og hún hafi svarað „já líka“ en hann hafi haldið áfram að spyrja. Kvaðst hún hafa fengið nóg og fengið „ógeð“ og sagt „þú misnotaðir mig“. Hann hafi spurt hana hvað hún meinti með því og hún hafi spurt hvort hann vildi virkilega að hún útskýrði það en hann hafi svarað því neitandi. Hafi hann sagt við hana að hún mætti öskra á hann en hún hafi sagst ekki vilja það, hún væri uppgefin og vildi ekki kalla hann pabba lengur. Þetta hafi verið í fyrsta sinn sem hún hefði sagt upphátt að hún hefði verið misnotuð. Eftir þetta samtal hafi liðið vika en þá hefði hún talað við kærasta sinn og sagði honum frá því sem fór fram á milli hennar og ákærða. Hann hefði hringt í móður hennar og hún hefði komið og rætt við þau. Kvaðst brotapoli þá hafa sagt henni frá því að ákærði hefði brotið gegn henni kynferðislega. Hún myndi ekki nákvæmlega hvað hún hefði sagt henni eða hvort hún hefði lýst atvikum nákvæmlega en hún hefði svarað spurningum móður sinnar. Í kjölfarið hefði móðir hennar farið á M og hitt ákærða sem hefði brotnað niður og lagst í gólfið. Kvaðst brotapoli hafa haft miklar áhyggjur af honum og afdrifum hans.

Brotapoli kvað móður sína hafa vakið sig næsta dag og sagt að þær ættu að fara niður á lögreglustöð til þess að gefa skýrslu en ákærði ætti að hafa játað. Hún hafi verið óviðbúin þessu og ekki verið búin að ákveða að kæra ákærða. Hafi hún verið mjög hrædd og grátið mikið. Sambandi hennar og kærastans hefði lokið skömmu síðar og hefði hún farið til móður sinnar en ákærði hefði þá verið fluttur út. Móðir hennar hafi verið mjög fjarlæg og ekki getað svarað því hvort ákærði myndi koma aftur heim. Brotapoli hafi farið til útlanda en fljótlega eftir að hún kom aftur hafi móðir hennar sagt henni að ákærði myndi flytja aftur inn. Þegar hún hafi spurt hana hvort það sem ákærði hefði sagt við hana hefði enga þýðingu haft hefði móðir hennar sagt að ákærði hefði verið að tala um framhjáaldið. Hafi það því endað svo að brotapoli fór af heimilinu og fékk að dvelja hjá fyrrverandi kærastanum um hríð. Kvaðst hún ekki hafa hitt móður sína í um tvö ár.

Um líðan sína í dag kvað brotapolí sér ganga vel í námi sínu. Hún hafi fengið aðstoð sálfræðings eftir uppákomuna á busaballinu og það hafi gagnast henni mjög vel. Hún væri aðeins í sambandi við suma í fjölskyldu sinni í dag en ætti góða vini. Kvaðst hún að sjálfsögðu þrá að eiga kjarnafjölskyldu en hana hefði hún misst. Brotapolí tók fram að hún hataði ákærða ekki og vildi honum ekkert illt. Kvaðst hún gera sér grein fyrir því að mál þetta væri ákærða líka erfitt. Kvaðst hún hafa þurft að segja frá upplifun sinni og vera sannfærð um það sem hún segði frá þó að efasemdir hefðu látið á sér kræla þegar orð hennar voru dregin í efa. Það eina sem hún vildi væri að ljúka þessum kafla í lífi sínu og vinna áfram að bættri líðan sinni.

D, móðir brotápola, kvaðst hafa fengið símtal frá kærasta brotápola sem vildi að hún kæmi og talaði við þau. Þegar þangað var komið hafi brotapolí sagt henni að ákærði hefði misnotað hana. Hún hafi tilgreint atvik um [...] í húsi tengdforeldra hennar, en þá hefði ákærði dregið niður um hana buxurnar, í bílferðum á N og einnig tilvik þar sem hann hefði „kíkt“ á brjóst hennar. Þá hafi hún sagt að hún hefði vitað af framhjáhaldi ákærða en ekki viljað segja henni frá því. Um fyrsta atvikið hafi brotapolí sagt að hún hefði fyrst talið það hafa verið draum en vissi nú að það væri satt.

Kvaðst vitnið hafa nálgast málið sem móðir sem ætti að trúá barninu sínu og hlustað og spurt spurninga. Vitnið kvaðst í framhaldinu hafa farið á M til ákærða og gengið þangað inn grátandi og í uppnámi. Hafi henni fundist sem ákærði vissi vel ástæðu þess að hún væri komin og hafi fundist sem hann væri að gangast við brotunum. Fá orð hafi farið þeirra á milli en hún hafi sagt eitthvað eins og „hvað er að gerast hérna?“. Hann hafi þá sagt að hann hefði verið svo mikill „viðbjóður“. Borinn var undir vitnið framburður hennar hjá lögreglu um þau orð sem hann lét falla og kannaðist hún við þau. Aðspurð kvaðst hún ekki muna eftir símtali sem ákærði hefði átt við brotápola fyrir þetta atvik.

Vitnið kvað aðdragandann hafa verið þann að tengdafaðir hennar hefði hringt og haft áhyggjur af ákærða og hefði hún vísað honum á M. Hún hefði fengið hringingu næsta morgun og lögreglumaður beðið hana að koma niður á lögreglustöð í skýrslutöku. Kvaðst hún hafa verið illa áttuð og ekki alveg tilbúin en hún hefði farið og kvaðst muna eftir þeirri tilfinningu sinni að ákærði hefði játað. Hún kvaðst þó ekki geta svarað því hvort það hefði verið eitthvað sem henni hefði verið sagt í símtalinu eða hvort hún hefði dregið ályktanir um það sjálf eftir samtalið.

Vitnið kvað brotápola hafa hætt með kærasta sínum og hafa komið heim til hennar aftur. Kvaðst vitnið hafa verið farin að efast um réttmæti ásakananna og orðað það við brotápola. Hún hafi þá farið af heimilinu og aftur heim til kærastans.

Vitnið kvað ákærða hafa flutt af heimilinu í um mánuð. Þau hafi síðan rætt saman 10–14 dögum eftir að málið kom upp. Hún hafi spurt hann hvort hann hefði brotið gegn brotaþola og hann hefði neitað því. Eftir viðræður við hann kvað vitnið ljóst að mikil skömm sæti enn í ákærða vegna framhjáhaldsins. Þá væri hann greindur með ADHD og hefði byrjað á lyfjum. Hafi það m.a. valdið því að hann hefði farið í andlegan niðurtúr [...] 2017. Kvað vitnið það vera sína skoðun að fyrstu viðbrögð ákærða vegna ásakana um brot hefðu verið eitthvað annað en viðurkenning á brotunum. Orð hans yrði að setja í samhengi við framhjáhaldið sem hefði þjáð hann. Kvaðst vitnið aðspurð hafa skynjað breytingu á framkomu brotaþola gagnvart ákærða eftir framhjáhaldið. Kvað hún það nú vera skoðun sína að brotaþoli hefði talið sér trú um að fyrsta atvikið hefði gerst en hinum væri hún að ljúga. Kvaðst hún ekki geta skýrt hvers vegna brotaþoli ætti að bera rangar sakir á ákærða en taldi hana vera með aðra skynjun á veröldina. Lýsti vitnið því nánar svo að þær mæðgur hefðu verið mjög nánar, nánast eins og eitt, eftir að faðir brotaþola fyrirfór sér. Í leikskóla hafi kvíði orðið áberandi hjá brotaþola og hún glímt við svefnvanda allt frá unga aldri. Hefði vitnið þurft að fara til svefnráðgjafa vegna þess. Hafi hún fengið slæmar martraðir þar til hún var sex til sjö ára. Vitnið kvaðst muna eftir því að hún hefði sofið í sængurverinu en tengdi það meira við tímennu eftir að þau fluttust til Reykjavíkur. Þá hafi brotaþoli alltaf þurft leiðsögn í gegnum þroskaskeiðin en henni hafi reynst erfitt að vera sveigjanleg. Í [...] bekk hafi brotaþoli fengið að vita að faðir hennar hefði fyrirfarið sér. Hafi vitnið viljað að brotaþoli færi í samtalsmeðferð og hafi hún átt nokkur samtöl við félagsráðgjafa. Þá hefði hún farið í tvö skipti á sálfræðistofu í 10 bekk en ekki viljað halda áfram. Þá lýsti vitnið því að brotaþoli hefði þegar hún var yngri fengið ofsakvíðakast því hún hefði trúnað því að karlmaður ætlaði að stela henni.

Aðspurð kvað hún samskipti brotaþola og ákærða hafa verið ágæt í gegnum tíðina en hún hefði verið mjög ung þegar hann kom inn í líf hennar. Hafi stundum verið átök þar sem ákærði hefði verið fastari fyrir en vitnið. Þá hafi ákærði stundum verið markalaus og farið offari í samskiptum. Kannaðist hún við tilvik þar sem nærbuxur hefðu dregist niður um brotaþola þegar ákærði hélt henni á hvolfi. Kvaðst hún muna eftir ærslaleik en vissi ekki hvort hún hefði orðið vitni að því eða að það hefði komið til tals eftir að það gerðist.

Vitnið kvað fjölskylduna hafa gist hjá tengdforeldrum hennar [...] 2009. Kvaðst hún ekki muna eftir því að brotaþoli hefði þá kvartað yfir martröð. Þá kvað vitnið engar tilviljanakenndar bílferðir hafa átt sér stað þar sem ákærði hefði verið einn með brotaþola. Hefði bifreiðin verið lítið notuð á N en hún gæti ekki útilokað að ákærði hefði einhvern tíma skutlað brotaþola. Þá kvaðst vitnið muna eftir því að brotaþoli hefði unnið [...]vinnu í P og tekið langar vaktir. Hún hafi hætt í vinnunni vegna álags og farið fyrir til ömmu sinnar á Q en ætlunin hefði verið.

B, fyrrverandi kærasti brotþola, lýsti því að hann hefði tekið eftir ýmsu í fari brotþola sem hefði gefið honum vísbendingu um að eitthvað væri að angra hana. Brotþoli hefði viljað segja honum eitthvað en sagst ekki verið tilbúin til þess. Það hefði einna helst komið fram þegar hún drakk áfengi, ákveðið stjórnleysi en einnig geðsveiflur. Vitnið kvaðst hafa hitt ákærða nokkrum vikum eftir að þau byrjuðu að vera saman og hefði skynjað að samband brotþola og ákærða væri ekki gott.

Vitnið kvaðst hafa sótt brotþola þegar hún varð ofurölvi á [...]balli. Aðspurður kvaðst hann muna eftir athugasemd brotþola um ákærða sem hann greindi frá í lögregluskýrslu. Fljótlega eftir að þetta gerðist hefði brotþoli sagt frá því að ákærði hefði misnotað hana. Hefði hún sagt frá tilviki sem átti sér stað þar sem hún lá í rúmi sínu en einnig fleiru sem vitnið kvaðst ekki muna í dag en hafa greint frá í skýrslu lögreglu. Í kjölfarið hafi móðir brotþola komið og þær rætt saman. Hafi móðir hennar fengið „sjokk“ og hafi raunar verið í slíku ástandi þegar hún kom. Ákærði kvað sambandi sínu og brotþola hafa lokið skömmu eftir þetta og hún farið heim til móður sinnar. Hún hefði hins vegar komið til hans aftur er hún átti ekki í nein hús að venda. Hafi það verið erfiður tími fyrir brotþola og henni liðið illa. Kvaðst vitnið hafa reynt að styðja hana eftir bestu getu.

E, föðuramma brotþola, kvað brotþola hafa búið hjá sér á Q og verið þar hálfan vetur samfleytt þegar hún var um 12 ára. Einnig hafi hún komið til hennar í fríum. Til að mynda hafi hún verið eitthvað hjá henni á hverju sumri. Vitnið kannaðist við að hafa lesið í dagbók brotþola eitthvað á þessa leið: „æ, æ, mér líður svo illa, ég get ekki sagt mömmu hvað hann X gerði mér“. Taldi vitnið brotþola þá hafa verið 12–13 ára. Vitnið kvaðst aðspurð hafa rætt þetta við brotþola en hún hefði ekkert viljað tjá sig nánar um þetta. Hafi vitninu fundist líðan brotþola ekki vera góð þegar hún kom til vitnisins og greinilegt að eitthvað hvíldi á henni. Hafi brotþoli sagt henni, eftir að mál þetta kom upp, að móðir hennar hefði spurt hana einhverju sinni hvort ákærði hefði gert henni eitthvað en brotþoli hefði fengið hnút í magann, frosið og svarað því neitandi. Vitnið kvaðst aðspurð muna eftir því að brotþoli hefði komið fyrr til hennar en ætlað var [...] 2014. Hafi brotþoli þá verið mjög veik með hálsbólgu.

Lögreglumaður F lýsti aðkomu sinni að málinu. Kvað hann upphaf þess mega rekja til tilkynningar um mann sem hefði lokað sig inni á M en tilkynnandi hefði haft áhyggjur af honum. Síðar hafi komið í ljós að upp hefði komið meint kynferðisbrot en meira kvaðst vitnið ekki hafa vitað. Hafi ákærði verið í miklu uppnámi og grátið. Hafi ekki verið unnt að ná sambandi við hann.

C sálfræðingur fór yfir helstu atriði vottorðs síns og niðurstöður matslista. Hún kvað brotþola fyrst hafa verið vísað til sín í bráðaviðtal eftir að hún sagði frá meintu kynferðisofbeldi af hálfu ákærða. Brotþoli hafi verið einlæg í frásögn og samræmi í

frásögn hennar er hún lýsti atvikum. Hún hafi haft ríka réttlætiskennd og fundið fyrir reiði. Hafi hún rætt um neikvæð áhrif af atvikunum og greint frá kvíðaeinkennum og áfallatengdum einkennum sem trufluðu hana mest upp að menntaskólaárum. Brotapoli hafi haft ákveðin einkenni sem hafi verið eldri, þ.e. frá því að hún var yngri og virtust hafa aukist eftir að hún sagði frá atburðunum. Hún hafi þó ekki uppfyllt greiningarskilmerki áfallastreituröskunar. Sum einkenni hafi verið þættir í persónugerð hennar. Þá væri hún með ADHD og tilfinningasveiflur hafi verið til staðar frá því að hún var yngri. Slíkt væri þó einnig þekkt afleiðing áfalla. Hafi því verið erfitt að segja til um hversu mikið af „einkennamyndinni“ tengdist þessari atburðarás. Væri það þó þekkt að einstaklingar fengju ákveðin einkenni en þó ekki nægilega mörg til þess að uppfylla greiningarskilmerki. Að einhverju leyti gætu einkenni gengið til baka

Vitnið kvað brotþola hafa lýst alls konar hlutum sem væru á einhvers konar „grensu“ en brytu gegn hennar mörkum, en einnig skýrum brotum. Hafi atvikið kallað fram ákveðnar sálrænar afleiðingar. Væri ekki óalgengt þegar viðkomandi yrði eldri að hann færi að endurskoða atvikin og þau t.d. hefðu meiri áhrif. Vitnið kvað brotþola m.a. hafa rætt samtal sitt við móður sína sem hefði efast um frásögn hennar, og hefði hún viljað velja því fyrir sér hvort hana hefði verið að dreyma. Hafi brotþoli þó verið skýr að því leyti að um minningu væri að ræða en ekki draum. Hafi þetta alls ekki verið svo að brotþoli hafi ekki verið viss um að atvikið hefði átt sér stað. Þá kvað vitnið brotþola hafa rætt atvik sem átti sér stað þegar hún var yngri, þegar hún og vinkona hennar hefðu talið barnaníðing elta þær. Hafi brotþoli verið mjög opinská í frásögn sinni og lýst ákveðnum einkennum sem hún fann fyrir þá, eins og hræðslu við karla og ofurárvekni. Hefði hún verið mjög skýr með það að þetta hefði versnað eftir þetta fyrsta atvik tengt ákærða. Því hefði verið flóknara fyrir vitnið að greina áfallaeinkennin. Þá hafi verið ljóst af matslistum að vanlíðan brotþola væri mjög mikil en hún hefði þó vel getað tekist á við lífið. Mat á því að vera með greinanlegan klínískan vanda, svo sem áfallastreituröskun, byggist hins vegar á því að vanlíðanin sé það mikil að maður geti það ekki. Mælitækið sé því ekki nægilega gott fyrir tilvik sem hennar.

I sálfræðingur fór yfir helstu atriði vottorðs síns og niðurstöður matslista. Kvað hún markmið meðferðarinnar hafa verið að draga úr depurðareinkennum ákærða og hafi þau unnið með hugræna atferlismeðferð. Ákærða hafi fundist hann bera ábyrgð á því hvernig fjölskyldulífið væri orðið. Hann hafi í upphafi ekki kannast við ásakanirnar, svo hafi hann verið kominn á þann tímapunkt að hann var tilbúinn til að gangast við þeim ef þær væru sannar en að lokum hafi hann verið kominn að þeirri niðurstöðu að hann gæti ekki hafa gert þetta en fundist hann samt bera ábyrgð á því hvernig hlutirnir hefðu þróast. Aðspurð kvað vitnið sveiflur hafi verið í nálgun ákærða

og hefði afstaða hans breyst og orðið endanleg [...] 2017. Vitnið kvað ákærða hafa afhent sér skýrslu vegna ADHD-greiningar sem hann hefði farið í. Hefði hann sagst hafa glímt við kvíða en það gæti tengst ADHD-einkennum.

G, fósturfaðir ákærða, lýsti aðdraganda þess að hann hefði farið að M til þess ræða við hann. Hafi hann eftir samtali við D haft áhyggjur af honum. Hafi hann fengið upplýsingar um að brotapolí hefði borið sakir á ákærða um einhvers konar misnotkun. Lögreglan hefði komið á vettvang og ákærði farið mótþróaust með henni. Hann hafi svo komið heim til vitnisins og móður ákærða eftir að hann var látinn laus. Vitnið kvað fjölskylduna hafa verið mikið á heimili hans og brotapolí hefði verið skemmtilegt barn. Aðspurður kvað vitnið sér hafa fundist heimilislífið eðlilegt og hann hefði ekki skynjað neitt óeðlilegt í samskiptunum. Þann tíma sem fjölskyldan bjó á N frá 2008 hefði komið fyrir að þau væru [...] hjá þeim hjónum að O. Taldi hann þau hafa verið [...] 2016 en mundi ekki nákvæmlega langt aftur í tímann, m.a. um hvort þau hefðu verið [...] 2008 eða 2009.

III.

Ákærða er gefið að sök að hafa brotið gegn brotþola þegar hún var á barnsaldri eins og nánar er lýst í ákæru í þremur ákæruliðum. Engin vitni eru að meintum brotum ákærða. Brotapolí greindi engum frá atvikum fyrr en eftir að málið kom upp og kvaðst í reynd ekki hafa ætlað að gera það. Atburðarásin hafi hins vegar leitt til þess að hún hefði í símtali við ákærða í [...] 2017 sagt að hann hefði misnotað sig og skömmu síðar sagt þáverandi kærasta og móður sinni frá því.

Verður hér á eftir fjallað um hvern ákærulið fyrir sig og komist að niðurstöðu.

Ákæruliður 1

Ákærði hefur neitað sök. Fyrir dómi greindi hann frá tilviki þar sem nærbuxur brotþola hefðu fyrir hans tilstilli dregist niður um hana. Hafi hann munað eftir þessu tilviki í skýrslutöku hjá lögreglu en ekki treyst sér til að segja frá því þar sem hann hefði ekki vitað hvaða afleiðingar það myndi hafa fyrir hann. Þá hafi hann verið miður sín og ekki vitað nákvæmlega hverjar sakargiftirnar voru og hafi hann með svörum sínum hjá lögreglu verið að vísa til tímabils sem hvíldi á honum vegna framhjáhalds hans.

Skýrslutaka ákærða hjá lögreglu, sem tekin var upp í hljóði og mynd, fór fram að viðstöddum verjanda kl. 13:30 þann [...] 2017 í kjölfar handtöku ákærða kvöldið áður. Í inngangi skýrslutökunnar er honum kynnt réttarstaða sín og sakarefnið. Beðinn um að upplýsa um afstöðu sína til sakarefnisins bar ákærði: „Veit það ekki, bara veit það ekki.“ Þá spyr lögreglumadurinn: „Játar þú brotið eða neitar þú þessu? Er þetta

eitthvað sem átti sér stað?“ Ákærði svarar: „Ég bara, ég er ekki viss ég var bara á svo ógeðslegum stað.“ Biður lögreglumaðurinn hann þá að segja með sínum orðum um hvað málið snúist. Svarar ákærði þá aftur: „Ég veit það ekki, bara veit það ekki.“ Lögreglumaðurinn spyr þá: „Hvað verður til þess að þú ert kominn hingað, X?“ Svar ákærða er: „Fyrir örugglega eitthvað sem ég hef gert af mér myndi ég halda.“ Spyr lögreglumaðurinn þá: „Hefur þú brotið kynferðislega gegn A?“ og svarar ákærði: „Ég vil ekki trúa því að ég hafi gert það. Ég bara hreinlega veit það ekki.“ Beðinn um að útskýra það frekar kvaðst ákærði ekki geta það. Þegar hann var spurður hvort hann gerði sér grein fyrir því hvað fælist í því að brjóta kynferðislega gegn manneskju svaraði ákærði: „Að gera eitthvað á hlut hennar sem hún vill ekki eða er ekki samþykkt.“ Þegar hann er spurður hvort eitthvað slíkt hafi átt sér stað á milli hans og brotþola svarar ákærði: „Ég bara veit það ekki, nei ég held ekki,“ og svo: „Nei, ég er ekki viss“. Ákærða er í framhaldinu kynnt að skýrslur hafi verið teknar af brotþola og móður hennar um morguninn og að brotþoli hafi talað um fleiri en eitt tilvik sem eitthvað „svona“ hafi gerst. Er ákærði spurður hvort eitthvað hafi komið upp í samskiptum þeirra áður en borinn verði undir hann framburður brotþola. Svaraði ákærði því neitandi. Hann var þá spurður að því hvenær hann hefði verið á „ógeðslegum stað“ og beðinn um að tengja það við tímabil. Svar ákærða var: „Það var svo margt,“ og nánar spurður nefndi hann árið 2009. Lýsti hann því að brotþola hefði verið „skutlað út í horn þegar hjónabandið springur í tætlur, send bara til ömmu sinnar á Q“. Ákærði var þá spurður hvort hann hefði einhvern tímann tekið buxur og nærbuxur niður um brotþola. Svaraði ákærði því játandi. Beðinn um að segja frá því sagði hann: „Ég veit ekkert hvað ég á að segja, veit ekki hvað gerðist.“ Nánar spurður um hvar það hefði átt sér stað kvaðst ákærði halda að það hefði verið [...] á N en þar hefðu þau verið frá 2008 til haustsins 2010. Endurtók lögreglumaðurinn hvort hann myndi eftir því að hafa tekið niður buxur og nærbuxur og svaraði ákærði því aftur játandi. Nánar spurður kvað hann það hafa gerst í húsinu þeirra á N. Beðinn um að svara því hvar brotþoli var sagði ákærði: „Ég man það ekki.“ Spurður hvað hann myndi svaraði ákærði: „Ekkert.“ Spurður hversu oft hann myndi eftir að hafa tekið niður buxur og nærbuxur hjá brotþola svaraði ákærði: „Einu sinni.“ Spurður um aldur hennar þá svaraði hann: „Ég veit það ekki, tíu, ellefu, tólf eitthvað.“ Var ákærði þá spurður hvað hann hefði gert eftir að hafa tekið niður buxurnar og nærbuxurnar og svaraði hann þá: „Ég veit það ekki.“ Spurður hvort hann hefði snert á henni kynfærin neitaði ákærði því. Spurður hvort hann myndi það svaraði hann: „Ég hef ekki gert svoleiðis.“ Spurður hvers vegna hann hefði tekið niður buxur og nærbuxur svaraði ákærði aftur: „Bara veit það ekki, bara veit það ekki.“ Þá spurði lögreglumaðurinn hvort það væri eitthvað annað sem hann myndi og honum var kynnt að brotþoli hefði talað um að hann hefði tekið niður um hana buxurnar og nærbuxurnar og hún hefði

vaknað við það og verið í rúminu sínu. Ákærði var spurður hvort hann kannaðist við að hún hefði verið í rúminu sínu. Svar ákærða var: „Ég bara veit það ekki.“ Honum var þá kynnt að hún hefði „vaknað við það og þá hafi þú snert á henni kynfærin“. Svaraði ákærði því neitandi. Þá kvaðst ákærði aðspurður ekki muna á hvaða tíma árs atvikið hefði átt sér stað. Honum var þá kynntur framburður brotaþola um að þetta hefði verið í kringum [...] og heima hjá foreldrum hans aðfaranótt [...] þegar hún var níu eða tíu ára. Ákærði taldi það ekki vera og var þá spurður hvort hann héldi að brotaþoli væri að tala um eitthvert annað skipti. Svaraði ákærði þá: „Nei, ég bara veit það ekki“. Spurður hvort þetta væri ekki rétt hjá brotaþola svaraði hann: „Ég ætla ekki að segja að barnið sé að ljúga.“ Endurtók lögreglumaðurinn þá svar hans og sagði ákærði þá: „Nei ég get það ekki, hún á það ekki skilið.“ Spurður aftur af hverju ákærði myndi ekki eftir þessu svaraði hann: „Ég bara var í langan tíma í ljótum drullupytt með sjálfan mig og ég er ekkert viss um, þú veist, að þessir hlutir hafi gerst, að snerta á henni kynfærin, það gerði ég ekki.“ Endurtók hann að hann hefði ekki snert á henni kynfærin. Þá kvaðst hann aldrei hafa sett hönd inn fyrir nærbuxurnar hennar. Þá ítrekaði ákærði að hann væri ekki viss um að hann hefði tekið niður um hana buxur og nærbuxur og vissi ekki hvort það hefði átt sér stað. Að lokum kvaðst hann ekki hafa „rifið niður um hana buxurnar“ og snert á henni kynfærin. Í skýrslutökunni var ákærði einnig ítrekað spurður hvað hann hefði átt við með því þegar hann sagði við móður brotaþola að hann vildi að hann gæti „tekið þetta til baka“. Skýrði ákærði það svo að hann hefði vísað til þess að hann hefði verið vondur við hana og að hann hefði verið vondur og reiður maður.

Af myndupptökunni sést að skýrslutakan reynist ákærða mjög erfið. Honum var gefinn nægur tími til að svara og þagnir voru langar. Á köflum voru viðbrögð hans örvæntingarfull og tilfinningaþrungin.

Aðspurður fyrir dómi um viðbrögð sín þegar móðir brotaþola kom á M til hans áður en lögreglan hafði afskipti af honum og einstök ummæli sín sem höfð voru eftir henni kvaðst ákærði hafa verið miður sín vegna þess hvernig hann hefði komið fram á tímabili framhjáhaldsins. Því hafi hann látið þau orð falla sem áður er lýst. Kvaðst hann ekki geta skýrt þetta frekar, en hann hefði hvorki þá né hjá lögreglu verið að gangast við því að hafa brotið kynferðislega gegn brotaþola.

Að mati dómsins eru þessar skýringar ákærða á framburði sínum hjá lögreglu afar ótrúverðugar. Kemur það til af þeim aðdraganda sem áður er lýst er brotaþoli bar á hann sakir. Þá vissi ákærði um fyrirhugaðan fund þeirra mæðgna og mátti vita hvert tilefnið var. Þrátt fyrir að alkunna sé að viðbrögð manna við áföllum eða válegum tíðindum geti verið órökrétt og oft á tíðum óskynsamleg telur dómurinn fjarstæðukennt í ljósi framangreinds að viðbrögð ákærða þegar móðir brotaþola kom

til hans í beinu framhaldi af fundi sínum með brotapolu hafi verið svo sterk sem raunbar vitni af þeim ástæðum er ákærði hefur tilgreint. Bar móðir brotapolu fyrir dómi að ákærði hefði sagt að hann væri „viðbjóður“ eða á „vondum stað“, að hann vildi að hann „gæti tekið þetta til baka“ og jafnframt hafi hann svarað því til er hún sagði: „Hvað geri ég nú?“ að hún skyldi auðvitað „velja barnið sitt“. Kvaðst hún ótvírætt hafa skilið ákærða á þessum tíma svo að hann hefði verið að gangast við brotum sínum gagnvart brotapolu. Þá hefði hún tekið brotapolu trúanlega er hún greindi henni frá meintum brotum.

Dómurinn telur jafnframt afar ótrúverðugt að háttalag ákærða og tilsvör í framangreindri skýrslutöku hjá lögreglu, þar sem á hann voru bornar alvarlegar sakir, hafi stafað af því að hann veigraði sér við að segja lögreglu frá tilviki sem var allt annars eðlis. Er þetta ekki síst ótrúverðugt þar sem hann kvaðst hafa hugsað um þetta tilvik þegar D kom til hans í bílskúrinn en þó virðist það ekki hafa sérstaklega borið á góma. Kölluðu aðstæður á að ákærði gæfi framangreindar skýringar við það tækifæri eða við skýrslutöku hjá lögreglu ef sannar væru. Að mati dómsins bera skýringar ákærða nú þess merki að þær séu tilkomnar eftir á og rýrir það trúverðugleika hans verulega. Dómurinn telur framburð móður brotapolu fyrir dómi sama marki brenndan. Við mat á sönnunargildi framburðarins ber að hafa í huga nán tengsl hennar við ákærða og það hagsmunamat sem hún hefur staðið frammi fyrir.

Framburður brotapolu hefur á heildina litið verið einlægur og einkar trúverðugur. Einnig hefur hann verið staðfastur um að ákærði hafi í eitt skipti tekið niður um hana og snert kynfæri hennar þar sem hún lá í rúmi sínu sofandi á heimili foreldra ákærða en við það hafi hún vaknað. Var þetta það atvik sem hafði mest áhrif á hana og kemur fram í vottorði sálfræðings að hún hafi vísað til þess sem „atviksins“. Leitaðist brotapolu við að vera nákvæm og dró fremur úr ef nokkur vafi lék á hvort hún myndi atvik nægilega vel.

Ákærða og brotapolu ber saman um að þau hafi ekki verið nán, að hún hafi verið ofurárvökul frá unga aldri og að hún hafi glímt við svefnvandamál og haft sérkennilegar svefnvenjur allt fram á unglingsár. Á sama veg bar móðir brotapolu og þessu lýsir brotapolu einnig í meðferðarviðtölum hjá sálfræðingi sínum. Eins og málið liggur fyrir dóminum hafa þessar staðreyndir ekki sönnunargildi hvað sakarefnið varðar.

Í málinu er ekkert fram komið sem rýrir trúverðugleika brotapolu eða styður að um hugarburð hennar hafi verið að ræða eða að hún hafi vegna framhjáhalds ákærða, sem komst upp fjölmörgum árum áður en mál þetta kom upp, borið illan hug til hans og því verið líkleg til þess að bera á hann rangar sakir. Þvert á móti þykir aðdragandi málsins styrkja trúverðugleika brotapolu, svo og sú staðreynd að hún átti

ekki frumkvæði að því að leggja fram kæru í máli þessu. Þá er trúverðug sú skýring er hún gaf aðspurð um hvers vegna hún hefði ekki greint frá atvikum fyrr, að hún hefði fyrst og fremst borið hag móður sinnar fyrir brjósti. Lýsir það sér hvað best í því að hún treysti sér ekki til að segja frá því er hún komst að því að ákærði héldi fram hjá móður hennar. Þá er trúverðug sú skýring að hún hafi alla tíð gert sér grein fyrir hvað væri í húfi fyrir þær mæðgur báðar ef hún myndi segja frá því sem gerðist og hafi það því haldið aftur af henni. Samræmist þetta því sem fram kemur í sálfræðivottorði C sem lýsir persónugerð brotþola og bjargráðum öðrum sem hafi gert henni kleift að halda áfram með líf sitt á eigin forsendum, en niðurstöður leiddu ekki í ljós nein einkenni áfallastreitu.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Beri ákærði, brotþoli eða önnur vitni á annan hátt fyrir dómi en hjá lögreglu er dómara heimilt, samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 109. gr. þeirra laga, að taka tillit til þess, sem fram kemur í lögregluskýrslu, telji hann breyttan framburð fyrir dómi ótrúverðugan. Eins og að framan er rakið telur dómurinn að ákærði hafi með framburði sínum hjá lögreglu gengist við að hann hafi brotið kynferðislega gegn brotþola í eitt skipti með því að hafa tekið niður um hana buxur og nærbuxur á þeim tíma er fjölskyldan bjó á N. Hann neitaði því hins vegar að hafa snert kynfæri hennar umrætt sinn.

Telur dómurinn framburð brotþola trúverðugan en ákærða ótrúverðugan. Vitnisburður móður hennar um atvik á M eftir fund sinn með brotþola og sterka upplifun sína eftir að hafa hitt ákærða þar styður að ásakanir brotþola hafi átt við rök að styðjast. Enn fremur liggur fyrir lýsing lögreglumanns á ástandi ákærða umrætt sinn sem er í samræmi við það sem fram kemur í gögnum málsins. Þá bar móðir brotþola um frásögn brotþola um meint brot ákærða gagnvart sér. Framburður brotþola fær jafnframt stoð af trúverðugum vitnisburði B sem bar að brotþoli hefði sagt honum að eitthvað hefði komið fyrir hana, sem hún var ekki reiðubúin að segja honum fyrr en raun bar vitni og staðfesti síðar að ákærði hefði verið að verki. Einnig bar amma brotþola að hún hefði séð texta í dagbók brotþola á þeim tíma er hún bjó hjá henni þar sem fram kom að ákærði hefði gert henni eitthvað sem hún gæti ekki sagt móður sinni.

Það er mat dómsins þegar litið er til alls framangreinds að leggja beri til grundvallar trúverðugan framburð brotþola um að ákærði hafi tekið niður um hana buxur og nærbuxur á heimili foreldra hans að O. Borin var undir hana verknaðarlýsing ákæru þar sem fram kemur að brotið hafi átt sér stað á [...]. Lýsti hún því hér fyrir dómi að brotið hefði átt sér stað að vetrarlagi. Hjá lögreglu kvað hún brotið hafa átt

sér stað á [...] og fær það stoð af vitnisburði D og B, sem kveða brotaþola hafa greint sér frá því. Þegar litið er til þess að brotaþoli var ung að árum er atvikið átti sér stað og því kunni að gæta vissrar ónákvæmni hvað varðar tíma og stað, og að öðru leyti með hliðsjón af 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 laga um meðferð sakamála, verður lagður til grundvallar framburður brotaþola um tíma og stað, en vörnum ákærða hefur ekki verið áfátt af þeim sökum. Telur dómurinn sannað að brotið hafi átt sér stað þegar brotaþoli var 10–11 ára, á árinu 2008 eða 2009. Sú háttsemi ákærða að draga niður buxur og nærbuxur brotaþola við áðurgreindar aðstæður fól í sér kynferðislega áreitni gagnvart henni. Ákærði hefur frá upphafi neitað því að hafa strokið eða snert kynfæri brotaþola umrætt sinn. Til stuðnings framburði brotaþola um það atriði liggur aðeins fyrir vitnisburður D og B sem báru um að brotaþoli hefði greint sér frá þessu atriði. Þá lýsti brotaþoli þessu atviki hjá sálfræðingi sínum eins og rakið er í vottorði hans. Þrátt fyrir mjög trúverðugan framburð brotaþola hvað þetta varðar telur dómurinn, gegn eindreginni neitun ákærða, vægi framangreinds framburðar vitna ekki vera slíkt að líta megi svo á að sönnunarkröfur séu uppfylltar. Ber því að sýkna ákærða af því ákæruatriði, samkvæmt 108. gr., sbr. 109. gr., laga nr. 88/2008. Brot ákærða er rétt heimfært undir 2. mgr. 202. gr. laga nr. 19/1940.

Óljós og misvísandi svör ákærða í skýrslutöku hjá lögreglu voru áþekkt þeim sem svörum getið er um í vottorði sálfræðings hans og skýrslu hennar fyrir dómi.

Ákæruliður 2

Ákærði hefur staðfastlega neitað sök. Brotaþoli hefur borið um að ákærði hafi farið með hönd undir buxnastreng hennar í bílferðum þeirra eins og í ákæru er lýst, án þess þó að snerta kynfæri. Hefur framburður hennar verið stöðugur hvað þetta varðar. Hjá lögreglu greindi hún svo frá að þetta hefði gerst oft þegar hún var tólf ára. Þá kvaðst hún muna eftir tilvikum, en ekki þó hvar, þar sem ákærði hefði strokið henni ítrekað yfir brjóstasvæðið. Í sálfræðivottorði er rakin frásögn brotaþola af atvikum þessum og haft eftir henni að hún telji sig muna eftir einni bílferð þar sem hún hafi setið í kjöltu ákærða og hann farið með höndina „aðeins inn fyrir buxnastrenginn“. Kvaðst hún ekki vera viss um hvort um væri að ræða fleiri en eitt atvik. Þá nefndi hún líka að ákærði hefði „óþarflega“ oft rekið hendur í brjóstin á henni.

Hér fyrir dómi kvaðst brotaþoli eiga erfitt með að muna hversu oft ákærði hefði farið með hönd undir buxnastreng hennar en taldi það vera þrisvar sinnum. Þá var hún ekki alveg viss um að ákærði hefði í sömu skipti farið með hendur á brjóst hennar en taldi það þó fremur vera.

Engin vitni voru að atvikum þessum og ákærði greindi engum frá upplifun sinni á þeim tíma er meint brot áttu sér stað. Hins vegar greindi hún móður sinni frá því að

ákærði hefði farið með hönd inn á buxur hennar þegar hann leyfði henni að keyra, án þess að hún tilgreindi fjölda skipta. Samkvæmt því sem rakið hefur verið er, þrátt fyrir trúverðugan framburð brotþola, óljóst hvort meintar snertingar ákærða hafa átt sér stað samtímis, við þær aðstæður er í ákæru greinir og þá hversu oft. Ber að túlka vafa um þessi atriði ákærða í hag og lítur dómurinn svo á að ósannað sé að strokur yfir brjóst hafi átt sér stað við fyrrgreindar aðstæður. Sömu leiðis er ósannað að ákærði hafi farið með hendur inn fyrir buxustreng hennar í kynferðislegum tilgangi. Með vísan til 108. gr., sbr. 109. gr., laga nr. 88/2008 ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

Ákæruliður 3

Ákærði hefur staðfastlega neitað sök. Í ákæru er honum gefið að sök á þeim tíma er þar greinir að hafa farið inn í herbergi þar sem brotþoli svaf og dregið hlýrabol hennar niður og þannig berað á henni brjóstin.

Í skýrslutöku hjá lögreglu lýsti brotþoli þessu atviki svo að hún hefði legið með lokuð augun í rúminu að ranka við sér þegar hún hefði heyrt í ákærða sem hefði verið að fara í vinnuna. Hann hafi komið inn og togað hlýrabolinn hennar „niður fyrir brjóstin“ á henni. Hún hafi hrokkið upp og hann hafi sagt að hann hefði verið að „tékka“ hvort hún væri sofandi. Brotþoli var ekki nánar spurð.

Fyrir dómi svaraði brotþoli því aðspurð að ákærði hefði tekið í bolinn og togað hann niður fyrir brjóstaskoru en ekki berað brjóstin sjálf. Lýsti hún á trúverðugan hátt upplifun sinni af atvikinu og hvaða áhrif það hefði haft á hana.

Engin vitni eru að atvikinu og brotþoli því ein til frásagnar. Móðir brotþola vísaði til þess fyrir dómi að brotþoli hefði sagt henni eftir að mál þetta kom upp að ákærði hefði í eitt skipti „kíkt“ á brjóst hennar. Þá er haft eftir vitninu B í lögregluskýrslu að ákærði hefði í eitt skipti eftir 10. bekk við nánar tilgreindar aðstæður komið og dregið niður um brotþola bolinn „til þess að sjá á henni brjóstin“. Vitnið kvaðst ekki muna eftir þessu í dag.

Samkvæmt framansögðu er ósannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Fyrir liggur framburður brotþola um að hann hafi togað í bolinn hennar án þess að bera brjóst hennar. Gegn eindreginni neitun er ósannað að ákærði hafi viðhaft slíka háttsemi í kynferðislegum tilgangi. Með vísan til 108. gr., sbr. 109. gr., laga nr. 88/2008 ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

IV.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði verið fundinn sekur um kynferðislega áreitni gagnvart stjúpdóttur sinni.

Ákærði hefur ekki áður verið fundinn sekur um refsivert brot og er til þess litið. Til þyngingar horfir að ákærði braut gegn stjúpdóttur sinni sem þá var á barnsaldri og

þar með trúnaðarskyldum sínum gagnvart henni. Brotið hafði veruleg áhrif á brotþola og aðstæður hennar, eins og rakið er í sálfræðivottorði. Þá þykja tengsl ákærða við brotþola hafa aukið á grófleika verknaðarins og horfir það sömuleiðis til refsipýngingar.

Rannsókn málsins hófst [...] 2017. Skýrslur af brotþola og helstu vitnum voru teknar næstu daga á eftir og helstu rannsóknarvinnu var lokið 20. febrúar 2018. Heimildar til gagnaöflunar á [...] var fyrst aflað 22. febrúar 2018. Löng bið var eftir því vottorði af ástæðum sem tíundaðar eru í fylgibréfi með vottorði sálfræðings. Barst vottorðið 13. janúar 2019. Málið var sent Héraðssaksóknara til málsmeðferðar 16. maí 2019 og var ákæra gefin út 29. ágúst það ár. Samkvæmt þessu hefur orðið dráttur á málsmeðferðinni af ástæðum sem ekki verða raktar til ákærða.

Með vísan til 1., 5., 6. tl. 1. mgr. 70. gr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfileg refsing ákærða vera fangelsi í fimm mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brotþoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna þess brots sem hann hefur verið sakfelldur fyrir. Brotið er til þess fallið að valda henni verulegri vanlíðan og eykur það á miska hennar að ákærði var henni nákominn. Þá lítur dómurinn til þess að málið hafði þær afleiðingar að tengsl brotþola við móður hennar og systkini rofnuðu. Þykja bætur til brotþola hæfilega ákveðnar 500.000 krónur og reiknast vextir eins og nánar greinir í dómsorði.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins og 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 skal ákærði greiða 1/3 hluta 1.222.640 króna málsvarnarlauna verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmanns, 1/3 687.270 króna réttargæsluþóknunar Elvu Daggar Ásudóttur Kristinsdóttur lögmanns, m.a. vegna vinnu þeirra á rannsóknarstigi, á móti 2/3 hlutum sem greiðist úr ríkissjóði. Þá skal ákærði greiða í annan sakarkostnað 1/3 hluta 330.000 króna vegna sálfræðivottorðs samkvæmt framlögðu yfirliti, á móti 2/3 hlutum sem greiðist úr ríkissjóði en að fullu kostnað vegna reiknings neyðarþjónustunnar, 13.000 krónur, eða 123.000 krónur.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í fimm mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá [...] 2010 til 26. október 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 1/3 hluta 1.222.640 króna málsvarnarlauna verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmanns, og 1/3 hluta 687.270 króna réttargæsluþóknunar Elvu Daggar Ásudóttur Kristinsdóttur lögmanns á móti 2/3 sem greiðist úr ríkissjóði. Þá skal ákærði greiða 1/3 hluta 330.000 króna í annan sakarkostnað á móti 2/3 hlutum sem greiðist úr ríkissjóði en 13.000 krónur að fullu.

Sigríður Hjaltested (sign.)

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur 11. febrúar 2020